



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur, ritari nefndar.

Varðar lög um skóga og skógrækt

Innan Félags íslenskra landslagsarkitekta er starfandi „garðsöguhópur” sem er að leggja lokahönd á verkefnið - „*Garðar – lifandi minjar. Aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða.*” Verkefnið er styrkt af Fornleifasjóði á vegum Minjastofnunar

Fyrir hönd faghóps Félags íslenskra landslarkiteka um sögu og verndun garða, viljum við undirrituð koma eftirfarandi á framfæri við háttvirta samgöngu og umhverfisnefnd.

Verndun gamalla menningarsögulega garða og skrúðgarða á stoð í Lög um menningarminjar nr. 80, 2012. en sbr. 3ju grein a.liðar laganna, þar teljast skrúðgarða og skyldar minjar s.s. kirkjugarða fornminjar.

Hins vegar er í lögnum hvergi fjallað um að hægt sé að vernda stök tré eða gróður í gördum og hafa fagaðilar sem fara með vörslu minjalaganna, talið sig vanbúna bæði faglega og þekkingarlega til að fjalla um málið.

Það er ein niðurstaða vinnu okkar og verður gerð skil í greinargerð okkar, að verndun stakra trjáa eða sérstaks gróðurs í gördum er hvergi getið í öðrum lögum og má því segja að verndarhæf tré og trjálundir séu því algjörlega „réttlaus” og oft á valdi skammtímahugsunar.

Á vinnuferli okkar var haft samband við skrifstofustjóra í umhverfis og auðlindaráðuneyti til að leita ráða um hvort byggja mætti á ákvæði í nýjum náttúruverndarlögum til að friðlýsa garðagróður. Í náttúruverndarlögum eru heimildir til að friðlýsa tegundir í útrýmingarhættu. En ekki stök tré eða garðagróður, kannski vegna þess að hann eru oftast en ekki af erlendum uppruna.

Vinna við heimildaöflun hefur einnig leitt til samráðs við aðila á Norðurlöndum vegna spurninga um friðlýsingar einstakra trjáa. Bæði í Noregi og Danmörku eru náttúruverndarlög nýtt til friðlýsingar stakra trjáa.

Með nýju frumvarpi um skóga og skógrækt sem nú er til meðferðar í Alþingi hafa komið athugasemdir frá amk. þremur aðilum sem vilja að í 16.gr. laganna verði orðalag ákveðnara svo að það sé skýrt, að hægt verði að lögfriðlýsa stök tré af menningarsögulegum og ræktunarsögulegum ástæðum.

Með slíku ákvæði teljum undirrituð að hægt verði að lögvernda t.d. silfurreyninn í Víkurgarði í Reykjavík og hlyninn á horni Vonarstrætis og Suðurgötu í Reykjavík auk margra mikilvægra trjáa og trjálunda, sem enga lögformlega vernd hafa annað en skipulagsvald einstakra sveitarfélaga. Sem dæmi má líka nefna að Skógræktarfélag Íslands hefur í um 30 ár valið „Tré ársins“, sem nær öll eru gróðursett í og við mannabústaði – eyðibýli eða í gömlum gördum og á útivistasvæðum.

Það er von okkar að háttvirt umhverfis- og samgöngunefnd sjái mikilvægi þess að tryggja þeim menningasögulega og ræktunarsögulum arfi sem stök tré og trjálundir geta verið – með lagalegum hætti í nýjum skógar og skógræktarlögum.

Nánari skýringar og umræðu erum við að sjálfsgöðu tilbúin að gefa ef óskað er eftir.

13. febrúar 2019

Með bestu kveðjum

Einar E. Sæmundsen og Auður Sveinsdóttir landslagsarkitektar, f.h. garðsöguhóps FÍLA.